Flutt.	636 kr. 75 a.	3533 kr. 33 a.	162 12. nóv.
5. Ofangreind upphæð til að varna sandfoki í Skaptafellssýslu og til launa handa búfræðingi Ó. Ólafssyni	1235 — » -		
6. Búnaðarfjelagi suðuramtsins	1500 — » -	3371 — 75 -	
Eptir standa		161 — 58 -	

og vænti jeg að fá þóknanlegar tillögur yðar, herra amtmaður, áður en reikningsárið er á enda um það, hvernig þessum afgangi verði varið.

— **Brjef landshöfðingja** *til biskups* **um styrk til prestaekkna.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá í gær, samþykkist hjer með, að 76 kr. þeim, sem með brjefi mínu frá 14. febr. þ. á.[1] voru veittar prestsekkjunni Sigríði Jónsdóttur frá Helgastöðum af 2500 kr. þeim, sem með 12. gr. A. b. 3. fjárlaganna eru lagðar prestaekkjum og börnum og fátækum uppgjafaprestum, en sem koma til nýrrar útbýtingar, þar eð nefnd prestsekkja er dáin, verði skipt þannig: 163 23. nóv.

1, að Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað fái	20 kr.
2, — Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum fái . . .	20 —
3, — Guðrún Ingvarsdóttir frá Eyvindarhólum fái . . .	20 —
4, — Guðrún Thorlacius frá Reynistaðarklaustri fái . . .	16 —
Samtals	76 —

Hefi jeg í dag lagt fyrir landfógeta að greiða yður, herra biskup, fje þetta, svo að það að tilhlutun yðar geti orðið sent hlutaðeigandi ekkjum, en kvittun þeirra fyrir móttöku styrksupphæðanna ber síðan að afhenda landfógetanum.

— **Brjef landshöfðingja** *til biskups* **um brauðaskipti.** — Af erindi því frá prófastinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra biskup, frá í gær, virðist mega ráða, að presturinn að Völlum, sira Hjörleifur Guttormsson, sæki um leyfi til að hafa brauðaskipti við prestinn að Tjörn, sira Kristján E. Þórarinsson, eingöngu eða að miklu leyti til þess, að geta þegar í stað resignerað þessu brauði, og mælir prófasturinn með hinu umbeðna af þessari ástæðu, en hins vegar álítur hann sira Hjörleif, sökum elli hans, miður hæfan til að þjóna jafn örðugu brauði og Tjörn er, og gengur prófasturinn þar að auki að því vísu, að sira Hjörleifur, komist hann að Tjarnar prestakalli, eigi heimting á hærri eptirlaunum sakir þess, að það er hærra metið en Vellir. Áður en meira er gjört í þessu máli, álít jeg því rjettast að leiða athygli yðar, herra biskup, að því, að skilningur sá, er prófasturinn og ef til vill einnig sira Hjörleifur virðast að leggja í ákvörðunina í 2. stafl. 6. greinar laga um eptirlaun presta frá 27. febr. þ. á., getur að mínu áliti ekki samrýmzt rjettri útskýringu á orðum og anda þessarar lagaákvörðunar. Ákvörðunin um presta þá, «er nú sitja í embættum», verður, að því er jeg fæ sjeð, að eins heimfærð til presta þeirra, er sækja um lausn frá prestsembætti, meðan þeir þjóna sama prestakalli og þeir höfðu á hendi þá, er nefnd lög öðluðust gildi, og rjettur sá, sem greinin heimilar þessum prestum til að fá eptirlaun sín ákveðin samkvæmt því, er lög og venja hingað til hafa verið til, fellur þannig burt, ef þeir verða skipaðir í annað prestakall. Þó að rjettur þessi þannig án efa beri sira Hjörleifi Guttormssyni, verði honum veitt lausn frá Vallna prestakalli, ber, ef hin 164 23. nóv.

1) Sjá stjórnartíðindi 1881 B. 34.